



Styrkir til fyrirtækja

Landsmennt styrkir
þjálfun og fræðslu



Landsmennt

Um Landsmennt

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins (SA) og verkafólks á landsbyggðinni innan 16 verkalýðsfélaga sem aðild eiga að Starfsgreinasambandi Íslands (SGS).

Sjóðnum er ætlað að styrkja rekstur námskeiða og stuðla að nýjungum í námsefnisgerð ásamt því að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum beina styrki vegna sí-og endurmenntunar.



Fræðslustjóri að láni...

Fyrirtæki geta gert samning við Landsmennt og fleiri fræðslusjóði um fræðslustjóra að láni í ákveðinn tíma til þess að greina fræðsluparfir og í kjölfarið gert fræðsluáætlun sem hentar. Slíkt verkefni aðstoðar fyrirtæki við að koma á markvissara skipulagi í tengslum við endur-og símenntun starfsmanna sinna.



Landsmennt styrkir í kjölfarið...

Landsmennt fræðslusjóður endurgreiðir fyrirtækjum innan SA námskeiðskostnað vegna starfsmanna sem jafnframt eru félagsmenn aðildarfélaga SGS á landsbyggðinni.

Almennir styrkir til fræðslu eru allt að 75% af kostnaði til fyrirtækja innan SA. Nánari upplýsingar á www.landsmennt.is





Styrkir til eigin fræðslu fyrirtækja...

Fyrirtæki geta sótt um styrk til að kosta fræðslu sem fram fer innan fyrirtækis með eigin leiðbeinendum. Gerður er samningur um slíka fræðslu fyrirfram, það er áður en námskeið eru haldin.

Áttin – vefgátt fyrir rafrænar umsóknir í marga sjóði...

Fyrirtæki geta nú sótt um styrk til fræðslu á einum stað – einni síðu www.attin.is sem er einnig aðgengileg frá heimasíðu Landsmenntar.

Um er að ræða vefgátt fyrir fræðslusjóðina Landsmennt, Starfsafl, Sjómennt, Starfsmenntasjóð verslunar-og skrifstofufólks, Starfsmennta-sjóð verslunarinnar, Menntasjóð VSSÍ og SA, Rafiðnaðarskólann og lðuna fræðslusetur.

Áttin veitir fyrirtækjum möguleika á að skila inn einni umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum þar sem sótt er um styrk til margra sjóða atvinnulífsins samtímis.

Á www.attin.is eru nánari upplýsingar um alla þessa sjóði. Stjórn Landsmenntar tekur fyrir umsóknir mánaðarlega og afgreiðir með formlegum hætti.

Hvert á að hafa samband?

Hringdu í síma 599 1450
eða sendu tölvupóst með
fyrirspurn á
landsmennt@landsmennt.is
og fáðu nánari upplýsingar.



SA

SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



Starfsgreinasamband
Íslands



Landsmennt

Skipholti 50 b, 3. hæð • 105 Reykjavík
Sími 599 1450 • landsmennt@landsmennt.is